

**29. fundur Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
mánudaginn 16. janúar 2017 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ægir Bergsson, varaformaður, S lista
Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir, aðalmaður, D lista
Guðrún Linda Rafnsdóttir, aðalmaður, S lista
Helga Jónsdóttir, aðalmaður, B lista
Kristinn J. Reimarsson, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og
menningarmála
Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Kristinn J. Reimarsson, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og
menningarmála.

Ásgeir Logi Ásgeirsson boðaði forföll og kom enginn varamaður í hans stað.
Kristinn Kristjánsson áheyrnarfulltrúi mætti ekki og kom enginn varamaður í
hans stað.

Fyrir var tekið:

1. 1701039 - Erindisbréf markaðs- og menningarnefndar 2017

Nýtt erindisbréf fyrir nefndina lagt fram til kynningar.

2. 1611065 - Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2017

Farið yfir tilnefningar til bæjarlistamanns. Markaðs- og menningarnefnd samþykkir
að tilnefna Arnfinnu Björnsdóttur sem Bæjarlistamann Fjallabyggðar 2017.
Útnefning fer fram í Menningarhúsinu Tjarnarborg miðvikudaginn 25. janúar nk.

3. 1407056 - Menningarstefna Fjallabyggðar

Linda Lea Bogadóttir markaðs- og menningarfulltrúi gerði grein fyrir vinnu við
endurskoðun á menningarstefnu sveitarfélagsins.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. 1612033 - Arctic Circle Route

Linda Lea gerði grein fyrir verkefninu, sem ber nú vinnuheitið Arctic Coastline
Route, og gengur út á að virkja sveitarfélögin og ferðapjónustuaðila á svæðinu og
sýna að Norðurland er aðgengilegt og freistandi valkostur fyrir ferðamenn allt árið.
Fyrirmyndin að verkefninu er m.a. frá Noregi, Írlandi og Danmörku.

5. 1701040 - Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra - umsóknir

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra auglýsir eftir umsóknum fyrir árið 2017.
Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og
nýsköpunarverkefni, auk þess veitir sjóðurinn stofn- og rekstrarstyrki til
menningarmála. Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar.
Starfsmaður sjóðsins verður með viðtalstíma í Fjallabyggð 23. janúar og veitir
ráðgjöf við gerð umsókna.

Nefndin felur markaðs- og menningarfulltrúa að skoða með umsóknir frá Fjallabyggð í sjóðinn.

6. 1701041 - Fuglastígur Norðurlands

Á síðasta ári fór af stað vinna við gerð bæklinga um áhugaverða staði til fuglaskoðunar við Eyjafjörð. Sveitarfélögin á svæðinu standa fyrir þessari útgáfu en áður hafa verið gefnir út bæklingar bæði vestan- og austamegin við Eyjafjörð. Vinna með bæklinginn er nú á lokastigi og með útkomu hans er búið að kortaleggja fuglaskoðunarstaði frá Borðeyri í vestri og til Vopnafjarðar í austri.

7. 1701043 - Ráðstefna um ferðamál

Fyrirhugað er að efna til ráðstefnu um ferðaþjónustu í Fjallabyggð á vormánuðum. Markaðs- og menningarfulltrúa falið að leggja drög að dagskrá ásamt tillögu að framsöguerindum fyrir næsta fund nefndarinnar.

8. 1612046 - Rekstraryfirlit nóvember 2016

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir tímabilið janúar - nóvember 2016. Menningarmál: Rauntölur, 80.543.573 kr. Áætlun, 82.743.057 kr. Mismunur; 2.199.484 kr. Markaðs- og ferðamál: Rauntölur, 6.659.481 kr. Áætlun 9.379.670 kr. Mismunur; 2.720.189 kr.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.

Ægir Bergsson

Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir

Guðrún Linda Rafnsdóttir

Helga Jónsdóttir

Kristinn J. Reimarsson

Linda Lea Bogadóttir